

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar, nr. 1329/2018.

1. gr.

14. gr. samþykktarinnar og heiti hennar breytist og verður svohljóðandi:

Fjarfundir.

Heimilt er einstökum nefndarmanni að taka þátt í fundum bæjarstjórnar, ráða og nefnda með rafrænum hætti í gegnum fjarfundarbúnað skv. 4. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga ef hann er staddur innan sveitarfélagsins eða er á ferðum innan lands á vegum Akureyrarbæjar, en að öðrum kosti skal kalla inn varamann.

Ef nefndarmaður, einn eða fleiri, taka þátt í fundi með fjarfundarbúnaði skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 9. september 2021.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.